

Nú flokkum við í fjóra flokka!

Samræming úrgangsflokkunar

Leiðbeiningar til íbúa í Múlaþingi



Nýtt samræmt flokkunarkerfi

Um áramótin tóku í gildi breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs sem fela í sér flokkun í fjóra úrgangsflokka við heimahús:

Pappír og pappi
Plast

Lífúrgangur - matarleifar
Blandaður úrgangur

Öðrum flokkum sem til falla má skila á grenndarstöðvar eða gámasvæði. Allar tunnur verða endurmerktar með nýjum samnorrænum flokkunarmerkingum. Frekari flokkunarleiðbeiningar má finna á heimasíðu Íslenska gámafélagsins.

Nú er Múlaþing að hefja innleiðingu á þessu nýja kerfi og ílátum fyrir plast verður dreift 4. - 18. september n.k. Íbúafundir verða haldnir til að kynna þessar breytingar.

21.08 Seyðisfjörður kl. 17:30 í Herðubreið

21.08 Egilsstaðir kl. 20:00 í Valaskjálfi

22.08 Djúpvogur kl. 20:00 í Löngubúð

Grenndarstöðvar


Settar verða upp grenndarstöðvar til söfnunar á málmum, gleri og textíl. Öðrum flokkum á að skila á móttökustöðvar.

Málmur: Litlir og hreinir málmhlutir eins og niðursuðudósir, krukkulok og sprittkertakoppar.

Gler: Hrein ílát og flöskur úr gleri. Tappar og krukkulok mega ekki fara með gleri heldur skal flokka með plasti og málmum eftir því sem við á.

Textíll: Allur textíll eins og fatnaður, lín og efnisbútar.

Pappír & pappi



Til að hægt sé að endurvinna pappaubúðir þurfa þær að vera hreinar. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matar- og efnaleifar úr umbúðum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi.

Dagblöð	Bylgjupappi
Tímarit	Fernur
Umslög	Umbúðir úr sléttum pappi
Minnismiðar	Morgunkornspakkar
Bækur án harðkápu	Pappahólkar
Skrifstofupappír	Pizzakassar
Annar prentpappír	Eggjabakkar



Má ekki fara

Óhreinar umbúðir, handþurrkur, servíettur eða munþurrkur, bökunarpappír, pakkabönd, möppur, bókakápur.

Plast



Til að hægt sé að endurvinna plast þarf það að vera hreint. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matar- og efnaleifar úr umbúðum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi.

Plastpokar	Áleggsbréf
Plastbakkar	Plastfilma
Hreinsiefnabrusar	Plastlok
Skyrdósir	Plasttappar



Má ekki fara

Óhreinar umbúðir, leikföng með rafhlöðum, raftæki, geisladiskar, tannburstar, plastmöppur, frauðplast, lyfjaspjöld, umbúðir undan spilliefnum.

Matarleifar



Matarleifar falla til í eldhúsum heimila og fyrirtækja.

Eingöngu má nota jarðgeranlega poka fyrir þennan úrgangsflokk. Matarleifum er umbreytt í moltu sem t.d. er hægt að nýta í landgræðslu.

Ávextir	Pasta
Grænmeti	Kartöflur
Brauð	Eggjaskurn
Kaffikorgur	Tannstönglar
Kjöt- og fiskafangar	Servíettur



Má ekki fara

Bleyjur, sláturúrgangur, fuglshamir, stór bein, dýrasaur, kattasandur, ryksugupokar, eyrnapinnar.

Blandaður úrgangur



Óhreinar umbúðir og annað óendurvinnanlegt.

Bleyjur	Kattasandur
Tyggjó	Dýrasaur
Ryksugupokar	Eyrnapinnar
Bökunarpappír	Bómullarhnoðrar
Stór bein	



Má ekki fara

Spilliefni, raftæki, rafhlöður.

Frekari flokkunarleiðbeiningar og upplýsingar um innleiðingu á flokkunarkerfinu má finna á vefsíðu sveitarfélagsins www.mulathing.is